

Ed. **264. Frumvarp til laga** [136. mál]
um breyting á lögum nr. 67 20. apríl 1971, um almannatryggingar.

(Eftir 2. umr. í Ed., 20. des.)

Samhljóða þskj. 216 með þessum breytingum:

4. gr. hljóðar svo:

Ný mgr. 49. gr. hljóði svo:

Þegar uppgjör sjúkrasamlaga fyrir árið 1977 liggur fyrir, skal Tryggingastofnun ríkisins kanna hver breyting hefur orðið á útgjöldum hvers sjúkrasamlags vegna þessara laga og gera tillögur um hvernig jafna megi þá kostnaðarbreytingu. Frá gildistöku laganna áætla Tryggingastofnun ríkisins útgjöld sjúkrasamlaga þeirra vegna og greiðir ársfjórðungslega inn á reikning þeirra samlaga, er fyrir útgjöldum verða, jafnháa upphæð og hinni áætluðu útgjaldaaukningu nemur. Með reglugerð skal kveða nánar á um tilfærslu fjármuna.

Ákvæði til bráðabirgða hljóðar svo:

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Á árinu 1977 skal álagningaraðili útsvara leggja á, en innheimtumenn ríkissjóðs innheimta, 1% álag á gjaldstofn útsvara. Skal ríkissjóði staðið skil á fyrirframgreiðslu eða hlutfallslegri innheimtu mánaðarlega. Eigi skal leggja gjald þetta á þá, sem ekki er gert að greiða útsvar.
2. Við ákvörðun Tryggingastofnunar ríkisins um framlag ríkissjóðs til sjúkrasamlaga samkvæmt 49. gr. skal tekið tillit til þess gjalds, sem um ræðir í 1. tl. til hlutfallslegrar lækkunar á framlagi ríkissjóðs.
3. Lög þessi skal endurskoða fyrir árslok 1978.